

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Klapparstígur 29.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 2. maí 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðar nr. 29 við Klapparstíg. Í breytingunni felst að heimilað er að hafa veitingastað í flokki II á jarðhæð Klapparstígs 29. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bauganes 19A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 9. maí 2018 breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðar nr. 19A við Bauganes. Í breytingunni felst lítilsháttar breyting á byggingarreit, hækkun á nýtingarhlutfalli úr 0,50 í 0,52 og breytingu á leyfilegri hámarkshæð úr 7,2 í 7,5. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 13. júní 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2018